

Alþingi
Erindi nr. P 141/1588
komudagur 14.2.2013

Efni: Frumvarp til laga um náttúruvernd, 429. mál.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna frumvarps til laga um náttúruvernd, 429. máls. Vegna mikilla anna hjá stofnuninni, reyndist ekki unnt að skila inn athugasemdum fyrir 8. febrúar og þakkar Minjastofnun Íslands fyrir þann frest sem henni var veittur til að skila inn umsögn.

Frumvarpið ber þess vitni að *þjóðminjalög nr. 107/2001* voru enn í gildi þegar það var samið. Þau lög féllu úr gildi 1. janúar 2013 og við tóku *lög um menningarminjar nr. 80/2012*. Með gildistöku þeirra, 1. janúar 2013, var Fornleifavernd ríkisins lögð niður og við hlutverki hennar tók Minjastofnun Íslands. Allar tilvísanir til Fornleifaverndar ríkisins í frumvarpinu þarf því að uppfæra og færa þar inn, í staðin, **Minjastofnun Íslands**. Þetta á við um **16. gr. og 39. gr.** og skýringar við þær greinar (um 16. og 39. gr.)

Vert er að minna á að Minjastofnun Íslands fer með stjórnslu fornleifa, menningarlandslags, þjóðleiða og varða, auk fleiri minja, 100 ára og eldri, og að ákvarðanir varðandir friðlýsingar slíks eru á hendi stofnunarinnar og mennta- og menningarmálaráðuneytis (lög nr. 80/2012, 3. gr., 11.gr. 18. - 20. gr.).

Minjaverndaryfirvöld hafa á undanförunum árum átt í mjög góðu samstarfi við náttúruverndaryfirvöld og fagnar **Minjastofnun Íslands** að gert er ráð fyrir stofnuninni (reyndar fyrirrennarum, Fornleifavernd ríkisins) í fagraði náttúruminjaskrár (16. gr.).

Minjastofnun Íslands vill vekja athygli á eftirfarandi atriðum sem hún óskar eftir að verði lagfærð eða skýrð betur.

3. gr. undir d. lið er fjallað um varðveislu landslags m.a. vegna menningarlegs gildis. Telja má eðlilegt að gerð sé grein fyrir að slíkt sé unnið með Minjastofnun Íslands.

26. gr. Vert er að benda hér á að fornar þjóðleiðir falla undir stjórnslu Minjastofnunar Íslands þannig að allar ákvarðanir varðandi þær eru teknar þar en ekki hjá Umhverfisstofnun. Eðlilegt má telja að það sé tekið fram í greininni.

30. gr. Bent skal á að allar framkvæmdir á fornum leiðum við að halda þeim opnum eða merkja þær verður að bera undir Minjastofnun Íslands.

32.gr. Kortagrunnur um vegi- og vegaslóða. Hér má ekki gleyma samráði við Minjastofnun Íslands ef um fornar leiðir (eldri en 100 ára) er að ræða.

47. gr. Þar sem fjallað er um þjóðgarða og friðlýsingar innan þeirra, má ekki gleyma að

menningarminjarnar og menningarlandslagið heyra undir Minjastofnun Íslands og mætti telja eðlilegt að gera þarna grein fyrir aðkomu þeirrar stofnunar að friðlýsingunni. Það sama á við um landslagsverndarsvæði í **50. gr.** þar sem telja má eðlilegt að gerð sé grein fyrir að menningarlandslag sé friðlýst í samvinnu við Minjastofnun Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Virðingarfyllst

Kristín Huld Sigurðardóttir PhD

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins/General Director - The Archaeological Heritage Agency of Iceland

kristinhuld@fornleifavernd.is

Suðurgata 39, 101 Reykjavík

Sími: 5556630 bréfsími:5556631

Heimasíða: www.fornleifavernd.is